

## **Landssamband Delta Kappa Gamma**

Framkvæmdarráðsfundur 27. september 2003 kl. 11:00 – 14:30 haldinn á heimili Kristínar Bjarnadóttur, gjaldkera landssambandsins að Smáraflöt 30 í Garðabæ

Mættar voru: Áslaug Brynjólfssdóttir, Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Helga Thorlacius, Jónína Eiríksdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Rósá Júlíusdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir, Sigríður Guttormsdóttir og Þórdís Þormóðsdóttir,

1. Rósá setti fund og kveikti á kertunum þremur og bauð fundarkonur velkomnar.
2. Jónína Eiríksdóttir flutti “orð til umhugsunar”. Henni var efst í huga hvernig við búum börnin okkar undir lífið, eða hvaða veganesti við gefum þeim. Hún las kafla frá Nonna (Jóni Sveinssyni), þar sem móðir hans er að gefa honum heilræði með sér í veganesti, er hann leggur af stað út í hinn stóra heim aðeins þrettán ára gamall. Jónína sagði einnig frá ráðstefnu um upplýsingalæsi sem haldin var á Akureyri. Þar kom fram að því meira sem við kennum, því minna læra nemendurnir.
3. Fundargerð síðasta framkvæmdarráðsfundar var dreift og hún samþykkt.
4. Starfið framundan/framkvæmdaáætlun 2003-2005. Framkvæmaáætlun er unnin upp úr punktum frá landssambandsþingi en þar var fjallað um: heimilið, fjölmenningu, almannatengsl og persónuþroska, lagasetningar, félaga, útgáfu og upplýsingarmál, erlend samskipti og námstyrkjasjóð. Formenn deilda sögðu síðan frá því helsta sem framundan væri í deildum.
  - a. Í Eta deild ætla þær m.a. að fjalla um rannsóknir kvenna. Ætla að fá konur úr deildinni til að segja frá eigin rannsóknum. Þær ætla að halda fyrsta fund með Epsilondeildinni í Hveragerði.
  - b. Í Epsilon deild ætla þær m.a. að skoða þróunarverkefni í Flúðaskóla.
  - c. Þeta deild ætla í naflaskoðun í tilefni af 5 ára afmæli deildarinnar. Þær eru að útbúa spurningalistu sem leggja á fyrir konurnar í deildinni.
  - d. Beta deild ætla að skoða menningu og listir. Nú er það leiklistin og tónlistin sem verða í fyrirrúmi
  - e. Delta deild ætla að skoða hvernig við vekjum athygli á konum í þjóðféluginu og athuga einnig í hvaða farvegi menntamál eru á þinginu.
  - f. Gamma deild ætla að halda áfram að kynna sér fjölmenningu og fá Fjölni Ásbjörnsson til að ræða um nýbúakennslu í framhaldsskólam.
- Þá var nokkur umræða um hvernig deildirnar boða á fundi í Gammadeild senda þær tölvupóst, skrifa bréf og hringja. Í Þeta deild senda þær stundum kort sem fundarboð.
5. Áslaug Brynjólfssdóttir sagði frá landssambandsþingi. Hún hvatti formenn til að nýta sér umræðupunktana (hina fjóru rauðu þræði) sem komu fram á þinginu. Áslaug er einnig fulltrúi í alþjóðanefnd sem heitir Professional Affairs. Hún minnti á slagorð þeirra “Letting our Goals guide our Actions” og “Putting our Purpose in Practice”.

6. Kristín Bjarnadóttir greindi frá fjármálunum eftir Evrópuþingið. Hún er ánægð með útkomuna. Landssambandið lagði kr. 250.000 til þingsins. Kristín dreifði möppum og límmiðum, sem formenn réðu hvernig þeir ráðstöfuðu.  
Rósa sagði frá fundi Evrópuforseta. Hún var ánægð með fundinn, en sagði að þar hefði komið fram ótrúlegt magn af upplýsingum. Marja- Leena Leskinen frá Finnlandi er tilnefnd til næsta Evrópuforseta og til alþjóðaforseta er tilnefnd Barbara Day og styðjum við þær báðar. Rósa sagði einnig frá Evrópskum gagnagrunni sem setja ætti á fót.
7. Jónína Eiríksdóttir sagði frá námskeiði fyrir formenn útbreiðslu- og félaganefndar. Hún lét Þórdísi fá möppu um þessi mál og bað hana að láta möppuna ganga áfram til næstu deildar að lestri loknum.
8. Undir liðnum önnur mál var rætt um hversu margar konur ættu að vera í hverri deild. Voru fundarkonur sammála um að í kringum 25 væri æskilegt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið eftir að hafa notið frábærra veitinga í boði Kristínar.

Helga Thorlacius